

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. nóvember 1991.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Pórður Eyþórsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Hörðudalshrepps og Miðdalahrepps í Dalasýslu.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 14. nóvember 1991 staðfest sameiningu Hörðudalshrepps og Miðdalahrepps í Dalasýslu í eitt sveitarfélag.

Jafnframt tilkynnist að:

- Sameining þessi skal taka gildi 1. janúar 1992.
- Nafn hins nýja sveitarfélags skal vera Suðurdalahreppur.
- Ákveðið hefur verið að kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags, Suðurdalahrepps, fari fram 14. desember 1991.
- Fulltrúar í sveitarstjórn Suðurdalahrepps skulu vera fimm.
- Kjörtímabil hinnar nýju sveitarstjórnar skal vera til næstu almennu sveitarstjórnarkosninga.

Félagsmálaráðuneytið, 14. nóvember 1991.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.